

1994 nr. 125 12. nóvember**Lög um Lýðveldissjóð**

Tóku gildi 14. nóvember 1994. *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Lýðveldissjóður er stofnaður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Hann er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir [það ráðuneyti er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands].¹⁾ Starfstími sjóðsins er frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999.

¹⁾ L. 126/2011, 200. gr.

■ **2. gr.** Hlutverk sjóðsins er tvíþætt: að stuðla að rannsókn-um á lífríki sjávar og að efla íslenska tungu.

■ **3. gr.** Alþingi skal fyrir árslok 1994 kjósa sjóðnum þriggja manna stjórn.

□ Stjórnin skal staðfesta rannsóknáætlun fyrir verkefni í vistfræðirannsókn-um á lífríki sjávar og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því.

□ Enn fremur skal sjóðstjórnin skipta því fé sem er til ráðstöfunar til eflingar íslenskri tungu og samþykkja verkefnaáætlun.

□ Sjóðstjórn skal semja greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert og fylgjast með framvindu verkefna sem unnin eru með fé úr sjóðnum.

□ Stjórnin skal gangast fyrir vali á þriggja manna verkefnisstjórnnum er hafi á hendi faglega yfirstjórn verkefnaáætlana um lífríkisrannsóknir og eflingu íslenskrar tungu.

■ **4. gr.** Ríkissjóður skal samkvæmt sérstökum lið á fjárlög-um leggja sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár. Heildarfrjárveiting á starfstíma sjóðsins skal skiptast jafnt á milli þeirra tveggja verkefna sem sjóðnum eru falin.

■ **5. gr.** Lýðveldissjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

■ **6. gr.** Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.